



Borgarráð Reykjavíkur
Tjarnagötu 11
101 Reykjavík

Reykjavík, 19. ágúst 2026
USK25090065

Hér með sendist útskrift úr fundargerð umhverfis- og skipulagsráðs dags. 19. ágúst 2026 um eftirfarandi mál:

Reykjavíkurflugvöllur - breyting á deiliskipulagi - Skilgreining nýrra lóða

Að lokinni auglýsingu er lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Reykjavíkurflugvallar vegna skilgreiningu nýrra lóða við Nauthólsveg. Í breytingunni sem lögð er til felst að skilgreind er ný lóð, Nauthólsvegur 64-66, þar sem flugstjórnarmiðstöðin og spennistöð standa í dag. Auk þess er skilgreind lóð á reit Nauthólsvegur 56-60, Nauthólsvegur 58E. Áður skilgreindir byggingarreitir innan nýrrar lóðar 64-66 haldast óbreyttir og helst heildarbyggingarmagn á reitnum/nýrri lóð óbreytt, bæði ofan- og neðanjarðar. Reitarafmörkun fyrir Nauthólsveg 54 minnkar til samræmis og breytast nýtingarhlutföll vegna breyttra lóða/reitastærða. Á nýrri lóð að Nauthólsvegi nr. 58E verður heimilt að setja upp flugvallarbúnað þ.m.t. mastur allt að 30m hátt, skv. uppdr. T.ark arkitekta, dags. 13. ágúst 2025. Tillagan var í auglýsingu frá 2. október 2025 til og með 13. nóvember 2025. Umsögn barst frá Minjastofnun Íslands, dags. 21. nóvember 2025. Einnig barst ábending frá Veitum, dags. október 2025. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. ágúst 2026.

Samþykkt sbr. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með þeim breytingum sem koma fram í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. ágúst 2026.

Vísað til borgarráðs.

Lögð fram svohljóðandi bókun fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins:


Meirihlutinn samþykkir fyrirbyggjandi breytingu á deiliskipulagi Reykjavíkurflugvallar. Breytingin felur meðal annars í sér að skilgreindar eru lóðir fyrir starfsemi og búnað sem tengist áframhaldandi rekstri flugvallarins. Ljóst er að Reykjavíkurflugvöllur er ekki að fara úr Vatnsmýri í náinni framtíð, þar sem enn hefur ekki verið fundinn viðeigandi staðsetning á nýjum flugvelli. Því er mikilvægt að skipulag svæðisins taki mið af þessari staðreynd og skapi nauðsynlegar forsendur fyrir öruggum og hagkvæmum rekstri flugvallarins á meðan svo er. Jafnframt er mikilvægt að nauðsynleg uppbygging og viðhald innviða geti átt sér stað með eðlilegum hætti.

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir
Skrifstofa stjórnsýslu og gæða
Umhverfis- og skipulagssvið


Fylgiskjöl: uppdr. T.ark arkitekta, dags. 13. ágúst 2025, umsögn Minjastofnun Íslands, dags. 21. nóvember 2025, ábending frá Veitum, dags. október 2025 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. ágúst 2026.




Reykjavík



GILDANDI DEILISKIPULAG REYKJAVÍKURFLUGVALLAR, mkv. 1:1000



TILLAGA AÐ DEILISKIPULAG REYKJAVÍKURFLUGVALLAR, mkv. 1:1000



SKÝRINGAMYND - BREYTINGAAFMÖRKUN Á GILDANDI DEILISKIPULAG REYKJAVÍKURFLUGVALLAR Samþ. í Borgarráði 28.apríl 2016, með síðari breytingum.

GREINARGERÐ MEÐ DEILISKIPULAGSBREYTINGU

ALMENNT

Í gildi er deiliskipulag Reykjavíkurflugvallar, samþykkt í borgarráði 28. apríl 2016, með síðari breytingum. Breytingin felst í að skilgreina nýja lóð, Nauthólsveg 64-66, þar sem flugstjórnarmiðstöðin og spennistöð standa. Áður skilgreindir byggingarreitir haldast óbreyttir. Heildarbyggingarmagn á reitnum/nýrri lóð helst óbreytt, að hámarki 5.976 m², bæði ofan og neðan jarðar. Af því eru 250 m² í kjallara og húsið má vera allt að fjórar hæðir ofan jarðar. Reitarafrmörkun fyrir Nauthólsveg 54 minnkar til samræmis. Nýtingahlutföll breytast vegna breyttra lóða/reitastærða.

Auk þess er skilgreind lóð á reit Nauthólsvegar 56-60, Nauthólsvegur 58E. Heimilt að setja upp flugvallarbúnað þmt. mastur allt að 30m hátt. Núverandi húsnæði á þeim stað má samkvæmt gildandi skipulagi rífa. Lóðin er skilgreind í þennan tilgang og fellur niður þegar búnaður er varanlega fjarlægður.


Skilmálatöflu er breytt er varðar Nauthólsveg 56-60 og 64-66 hér til hliðar, og eru breytingar rauðmerktar.

Eftirfarandi texti er í gildandi greinargerð um Nauthólsveg 56-60: Heimild er fyrir uppbyggingu vélaskýlis og endurnýjun skrifstofa á reit Nauthólsvegar 56-60.

Þessi málsgrein breytist og verður svo:

Heimild er fyrir uppbyggingu vélaskýlis og endurnýjun skrifstofa á reit Nauthólsvegar 56-60 **sem og flugvallarbúnaðs, þmt. mastur allt að 30m hátt. Slíkur búnaður og mastur skal uppfylla almenna skilmála deiliskipulagsins hér á undan 1.3.4, að undanskildum lið 5. Hönnunartillaga fyrir mastur skal fylgja umsókn um byggingaleyfi.**

Að öðru leiti haldast gildandi skilmálar óbreyttir.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040

Skýringar


- DEILISKIPULAGSMÖRK
- LANDAMÖRK Á EIGNARLANDI RÍKIS OG BORGAR, SKV. SAMKOMULAGI UM SKIPULAG OG UPPBYGGINGU Á LANDI RÍKISINS VÍÐ SKERJAFJÖRD, DAGS. 1. MARS 2013.*
- ÖRYGGISGIRÐING
- NÚV. BYGGINGAR SKV. LUKR
- HEIMILAB NIDURRIF
- REITAAFMÖRKUN
- LÓÐAUFMÖRKUN
- NÝR BYGGINGARREITUR
- FRAMTÍÐAR MÖRK ÖRYGGISGIRÐINGAR
- MÖRK FLUGÖRYGGISSVÆÐIS
- FRÍÐABAR BYGGINGAR / -MINJAR
- FLUGGARÐAR, VÍKIANDI STARFSSEMI
- HÆÐAMÖRK MANNVIRKJA
- LEIÐB. STABS. MASTURS OG TÆKNISKÚRS TIL SKÝRINGAR

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í _____ þann _____ 20__ og í _____ þann _____ 20__.

Tillagan var auglýst frá _____ 20__ með athugasemdafresti til _____ 20__.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðnda þann _____ 20__.

BREYTINGAR.



T.ark

ARKITEKTAR
HÁTÚNI 2b - 105 REYKJAVÍK
Sími: 540 5700
tark@tark.is - www.tark.is

VERKHEITI

REYKJAVÍKURFLUGVÖLLUR
Tillaga að deiliskipulagi

VERK NAUTHÓLSVEGUR 56-60 og 64-66
Nýjar lóðir og uppbyggingarheimildir

MÁL:
1:1000 / A1
HANN AÐ:
HE
YFIRFARID:

DAGS.:
13.08.2025
TEIKNAD:
HE

VERKNUMER

FL

TEIKNINGANÖMER

ÖTG

400-045

04

1.1-01

SAMÞ.



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

postur@minjastofnun.is
www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið - Skipulagsfulltrúi
Borgartún 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík 10. ágúst 2026
MÍ202607-0103/ 6.09 / 0645

Efni: Reykjavíkurflygðvöllur - Skilgreining nýrra lóða, deiliskipulagsbreyting endurskoðuð tillaga

Með tölvubréfi dagsett 6. ágúst sl. óskaði Helga Rún Guðmundsdóttir, verkefnastjóri skipulagsfulltrúa Reykjavíkur eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um uppfærðan deiliskipulagsuppdrátt vegna breytinga á deiliskipulagi Reykjavíkurflygðvallar, mál nr. 1352/2025 í skipulagsgáttinni. Meðfylgjandi erindinu var skipulagsuppdráttur unnin af T.ark arkitektum dagsettur 13.08.2025. Um er að ræða breytingar í kjölfar auglýsingar 01.07.2026. Minjastofnun veitti umsögn um deiliskipulagsbreytinguna dagsett 21.11.2025 með athugasemdum sem nú hefur verið tekið tillit til.

Fyrir liggur skýrslan *Vatnsmýri – Seljamýri – Öskjuhlíð, Byggðakönnun. Fornleifaskrá og húsakönnun*, unnin af Minjasafni Reykjavíkur árið 2013, skýrsla nr. 161. Samkvæmt þeirri skýrslu eru engar fornleifar skráðar innan þess svæðis sem breytingin tekur til, en skráðar eru þó nokkrar herminjar á svæðinu, bæði heimildir um horfnar minjar og gert grein fyrir minjum sem enn eru á svæðinu. Slíkar minjar hafa mikið menningarsögulegt gildi þó þær hafi ekki náð þeim aldri að teljast til friðaðra fornleifa, húsa eða mannvirkja og eru því utan lögformlegs umboðs Minjastofnunar Íslands skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012.

Á svæðinu eru tvö hús sem eru friðlýst skv. lögum nr. 80/2012 um menningarminjar. Um er að ræða gamla flugturninn (58I) og Flugskýli (58) sem reist voru af breska hernámssliðinu á Íslandi á árunum 1941-1942. Óheimilt er að gera nokkrar breytingar á friðlýstum húsum án vitundar Minjastofnunar Íslands. Ekki er fyrirhuguð breyting á þessum húsum skv. deiliskipulagsuppdrættinum.

Minjastofnun Íslands gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaðar breytingar á deiliskipulagi Reykjavíkurflygðvallar eins og þær eru kynntar á skipulagsuppdrættinum.

Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skál Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að

Henny Hafsteinsdóttir
Minjavörður Reykjavíkur og
nágrennis
henny@minjastofnun.is

ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Virðingarfyllst,



Henny Hafsteinsdóttir
Minjavörður Reykjavíkur og nágrennis

Afrit sent:

Helga Rún Guðmundsdóttir (Helga.Run.Gudmundsdottir@reykjavik.is)

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur (skipulag@reykjavik.is)

Borgarsögusafn Reykjavíkur (minjavarsla@reykjavik.is)

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnsýslustigi og ekki kæranlegar til æðra stjórnvalds. Aðrar stjórnvaldsákvarðanir sæta kæru til umhverfis-, orku- og loftlagsráðherra. Kærufrestur er þrír mánuðir frá tilkynningu um ákvörðun og fer málsmeðferð stjórnsýslulögum nr. 37/1993.

Vegna: Máls nr. 1352/2025, Reykjavíkurflugvöllur - Skilgreining nýrra lóða - USK25090065 ()

Athugasemd:

Veitur hafa kynnt sér tillöguna og gera engar athugasemdir.

Bendum lóðarhafa á að kynna sér skilmála heimlagna á *heimasíðu Veitna* (<https://www.veitur.is/skilmalar-fyrir-heimlognum>)

Höfundur: Helga Rún Guðmundsdóttir

Sent inn þann: 20.10.2025 , **Fyrir hönd:** Veitur

Breyting á deiliskipulagi

Að lokinni lauglýsingu er lögð fram að nýju tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir Reykjavíkurlflugvöll. Uppdráttur og greinargerð með deiliskipulags tillögu eru dagsett þann 13. ágúst 2025. Greinargerð og uppdráttur voru uppfærð þann 1. júlí 2026

Ábending og umsögn barst eftir auglýsingartíma, viðbrögð við henni er listað upp í þessari umsögn.

Tillagan var auglýst frá 2. október 2025 til og með 13. nóvember 2025.





Ábendingar og umsagnir bárust á auglýsingartíma. Viðbrögum við athugasemdum er svarað hér í þessari samantekt.

Umsagnir bárust frá eftirfarandi umsagnaraðilum:

Minjastofnun 21. nóvember 2025

Minjastofnun 10. ágúst 2026

Athugasemdir:


Til að Minjastofnun geti tekið afstöðu til deiliskipulagsbreytinga þarf að gera grein fyrir verndarstöðu húsa og mannvirkja á svæðinu í greinargerð skipulagsins og sýna þau með viðeigandi litakóða á skipulagsupprættinum. Einnig þarf að leiðrétta húsnúmer í samræmi við upplýsingar á borgarvefsjá.

Svör Reykjavíkurborgar:

Upplýsingar um verndarstöðu húsa og mannvirkja á svæðinu hafa verið uppfærðar í greinargerð og á upprætti og húsnúmer leiðrétt í samræmi við upplýsingar í samráði við Minjastofnun. Minjastofnun hefur fengið tillöguna til umsagnar og gerir ekki frekari athugasemdir.

Aðrar athugasemdir og breytingar

Greinargerð hefur verið uppfærð án efnislegra breytinga.



Uppfærð tillag dagsett 1.júlí 2026

**Niðurstaða**

Í kjölfar auglýsingar hafa uppdrættir og greinargerð verið lagfærð.

Lagt er til að tillagan verði samþykkt, með framangreindum lagfæringum á uppdráttum og í greinargerð, sbr.uppdrátt dags 13.ágúst 2025

Athugasemdir Minjastofnunar má sjá hér neðst í skjalinu í heild sinni.

**Reykjavík**



Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið - Skipulagsfulltrúi
Borgartún 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík 21. nóvember 2025
MÍ202510-0010 / 6.09 / 0645

Efni: Reykjavíkurlugvöllur - Skilgreining nýrra lóða, deiliskipulagsbreyting, auglýsing tillögu

Minjastofnun Íslands barst tölvubréf skipulagsgáttarinnar dagsett 2. október 2025 þar sem fram kom að Reykjavíkurborg óskaði eftir umsögn stofnunarinnar um breytingu á deiliskipulagi fyrir Reykjavíkurlugvöll, mál nr. 1352/2025. Þedist er velvirðingar á að ekki var unnt að svara erindinu fyrir umsagnarfrest sem var 13. nóvember sl.. Hægt var að hlaða niður skipulagsupprætti sem unninn var af T-ark arkitektum dagsettur 13.08.2025. Í gildi er deiliskipulag frá árinu 2016. Á skipulagsupprættinum er fjallað um 4 reiti:

- Nauthólsvegur 54 – Fyrirhugað er að reitaafnörkun og nýtingahlutfall minnki til samræmis við nýja lóð á reit 64-66.
- Nauthólsvegur 56-60 – Fyrirhugað er að skilgreina nýja lóð fyrir Nauthólsveg 58E og heimila að setja upp flugvallarbúnað, 30 metra hátt mastur. Í greinargerð er tekið fram að heimild sé til að rífa núverandi húsnæði. Ósamræmi er á húsnúmerum þegar skipulagsuppráttur er borinn saman við upplýsingar á borgarvefsjá, sjá mynd 2 hér fyrir neðan. Einnig er villandi að hús sem á hvílir verndun eru sýnd sem „heimild til niðurrifs“.
- Nauthólsvegur 62 – óbreytt.
- Nauthólsvegur 64-66 – Fyrirhugað að skilgreina nýja lóð skv. afnörkun á upprætti, byggingarreitir haldast óbreyttir.

Fyrir liggur skýrslan *Vatnsmýri – Seljamýri – Öskjuhlíð, Byggðakönnun. Fornleifaskrá og húsakönnun*, unnin af Minjasafni Reykjavíkur árið 2013, skýrsla nr. 161. Samkvæmt þeirri skýrslu eru engar fornleifar skráðar innan þess svæðis sem breytingin tekur til, en skráðar eru þó nokkrar herminjar á svæðinu, bæði heimildir um horfnar minjar og gert grein fyrir minjum sem enn eru á svæðinu. Slikar minjar hafa mikið menningarsögulegt gildi þó þær hafi ekki náð þeim aldri að teljast til fríðaðra fornleifa, húsa eða mannvirkja og eru því utan lögformlegs umboðs Minjastofnunar Íslands skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012.

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnsýslustigi og ekki kæranlegar til æðra stjórnvalds. Aðrar stjórnvaldsákvarðanir teknar á grundvelli laga nr. 80/2012 eru kæranlegar til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis. Kærufrestur er þrír mánuðir frá því að aðila var tilkynnt um ákvörðun og fer málsmeðferð eftir ákvæðum stjórnsýslulaga nr. 37/1993.



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavarðasvið

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Henny Hafsteinsdóttir
Minjavörður Reykjavíkur og
nágrennis
henny@minjastofnun.is



Reykjavík



Mynd 2 - Borgarvefsjá: Húsnúmer á skipulagsupprætti ekki í samræmi við upplýsingar á borgarvefsjá.





Byggingarár 1942

Gamli flugturninn

Fyrsti eigandi Breska setuliðið

Hönnun Ókunnur

Upphafleg notkun
Flugturn



Upphafleg gerð

Tegund
Klæðning
Þakgerð
Þakklæðning
Undirstöður

Hlaðið úr st. steini

Útlit

Þrilyft

Helstu breytingar

Hönnuðir breytinga

Saga

Þyrping húsa við Reykjavíkflugvöll. Húsin eru öll skráð undir heitinu Flugvöllur 106748 í Fasteignaskrá en tölunar vísa í landnúmerið. Elsta húsið er byggt árið 1941 en það yngsta árið 1997. Flest eru þau byggð frá 1941-1960. Í dag (2013) eru húsin notuð sem flugskýli, tækjageymsla, fjarskiptastöð, spennistöð, geymslur, skrifstofur og fleira.

Ein af þessum byggingum er gamli flugturninn. Flugturninn er eitt þeirra mannvirkja á Reykjavíkflugvelli sem reist voru á tímum heimsstyrjaldarinnar síðari. Bygging flugturnsins hófst árið 1941 og var hann tekinn í notkun árið 1942. Á stríðsárunum var umferð herflugvéla á Norður-Atlantshafi stjórnað úr turninum og eftir að Íslendingar tóku við flugvöllinum varð hann miðstöð flugumferðarstjórnar á Íslandi og gegndi því hlutverki fram á 7. áratug 20. aldar.

Turninn er vitnisburður um sérstakan tíma í sögu þjóðarinnar og hefur því ótvírætt menningarsögulegt gildi sem ómissandi þjóðminjar.

Varðveislumat:

Byggingarstíll: Flugturn.

Menningarsögulegt gildi: Tengist sögu hernámsára í Reykjavík og sögu Reykjavíkflugvallar.

Umhverfisgildi: Mikilvægt kennileiti í umhverfinu.

Upprunaleg gerð: Að mestu óbreyttu.

Varðveislugildi: Flugturninn var friðaður 18. maí 2011 af mennta- og menningarmálaráðherra með vísan til 1. mgr. 4. gr. laga um húsafriðun, nr. 104/2001. Friðunin nær til ytra byrðis turnsins og burðarvirkis hans.





Byggingarár 1941

Flugskýli 1

Fyrsti eigandi Breska setuliðið

Hönnun Teeside Bridge and Engineering Co. Ltd.

Upphafleg notkun Flugskýli



Upphafleg gerð

Tegund Stálgrindarhús
Klæðning
Þakgerð
Þakklæðning
Undirstöður

Útlit

Einlyft

Helstu breytingar

? Ný klæðning
? Endurbætur
? Hækkun

Hönnuðir breytinga

Saga

Þýrping húsa við Reykjavíkurlugvöll. Húsin eru öll skráð undir heitinu Flugvöllur 106748 í Fasteignaskrá en tölur vísa í landnúmerið. Elsta húsið er byggt árið 1941 en það yngsta árið 1997. Flest eru þau byggð frá 1941-1960. Í dag (2013) eru húsin notuð sem flugskýli, tækjageymsla, fjarskiptastöð, spennistöð, geymslur, skrifstofur og fleira.

Eitt af þessum byggingum er Flugskýli 1 en það var fyrsta flugskýlið sem reist var á Reykjavíkurlugvelli. Við Flugskýli 1 hafa verið byggðar ýmar viðbyggingar.

Flugskýlið er eitt fjögurra breskra flugskýla af gerðinni T-2 sem smíðuð voru og sett upp á Reykjavíkurlugvelli fyrir breska flugherinn af breska fyrirtækinu Teeside Bridge and Engineering Co., Ltd. í Middlesborough. Sama fyrirtæki smíðaði og setti upp Ólfusárbrúna á Selfossi árið 1945.

Ytri klæðning skýlisins hefur verið endurnýjuð. Þá hefur skýlið verið klætt og einangrað að innan og mænist við suðurgæfl bækkadur á kafla fyrir flugvélastél. Ekki er að finna heimildir fyrir því hvaða ár þetta var gert.

Varðveislumat:

Byggingarstíll: Flugskýli.

Menningar sögulegt gildi: Tengist sögu hernámsára í Reykjavík og sögu Reykjavíkurlugvallar.

Umhverfsgildi: Mikilvægur hluti af umhverfi gamla flugturnsins sem er friðaður.

Upprunaleg gerð: Flugskýlið hefur tekið breytingum en heldur þó upprunalegni lögun sinni. Ný klæðning.

Varðveislugildi: Lagt er til að Flugskýli 1 njóti verndar í rauðum flokki. Flugskýli 1 stendur við hlið gamla flugturnsins, sem er friðaður, og myndar ásamt gamla bragganum heildstæða þýrpingu mannvirkja frá hernámsárunum í Reykjavík og vísar til upphafs Reykjavíkurlugvallar.





Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið - Skipulagsfulltrúi
Borgartún 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík 10. ágúst 2026
MÍ202607-0103/ 6.09 / 0645

**Efni: Reykjavíkurflygðvöllur - Skilgreining nýrra lóða,
deiliskipulagsbreyting endurskoðuð tillaga**

Með tölvubréfi dagsett 6. ágúst sl. óskaði Helga Rún Guðmundsdóttir, verkefnastjóri skipulagsfulltrúa Reykjavíkur eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um uppfærðan deiliskipulagsuppdrátt vegna breytinga á deiliskipulagi Reykjavíkurflygðvallar, mál nr. 1352/2025 í skipulagsgáttinni. Meðfylgjandi erindinu var skipulagsuppdráttur unnin af T.ark arkitektum dagsettur 13.08.2025. Um er að ræða breytingar í kjölfar auglýsingar 01.07.2026. Minjastofnun veitti umsögn um deiliskipulagsbreytinguna dagsett 21.11.2025 með athugasemdum sem nú hefur verið tekið tillit til.

Fyrir liggur skýrslan *Vatnsmýri – Seljamýri – Öskjuhlíð, Byggðakönnun. Fornleifaskrá og húsakönnun*, unnin af Minjasafni Reykjavíkur árið 2013, skýrsla nr. 161. Samkvæmt þeirri skýrslu eru engar fornleifar skráðar innan þess svæðis sem breytingin tekur til, en skráðar eru þó nokkrar herminjar á svæðinu, bæði heimildir um horfnar minjar og gert grein fyrir minjum sem enn eru á svæðinu. Slíkar minjar hafa mikið menningarsögulegt gildi þó þær hafi ekki náð þeim aldri að teljast til friðaðra fornleifa, húsa eða mannvirkja og eru því utan lögformlegs umboðs Minjastofnunar Íslands skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012.

Á svæðinu eru tvö hús sem eru friðlýst skv. lögum nr. 80/2012 um menningarminjar. Um er að ræða gamla flugturninn (58I) og Flugskýli (58) sem reist voru af breska hernámsliðinu á Íslandi á árunum 1941-1942. Óheimilt er að gera nokkrar breytingar á friðlýstum húsum án vitundar Minjastofnunar Íslands. Ekki er fyrirhuguð breyting á þessum húsum skv. deiliskipulagsuppdráttinum.

Minjastofnun Íslands gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaðar breytingar á deiliskipulagi Reykjavíkurflygðvallar eins og þær eru kynntar á skipulagsuppdráttinum.

Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

postur@minjastofnun.is
www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Henny Hafsteinsdóttir
Minjavörður Reykjavíkur og
nágrennis
henny@minjastofnun.is



Reykjavík



ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Virðingarfyllst,

Hentý Hafsteinsdóttir
Minjavörður Reykjavíkur og nágrennis

Afrit sent:
Helga Rún Guðmundsdóttir (Helga.Run.Gudmundsdottir@reykjavik.is)
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur (skipulag@reykjavik.is)
Borgarsögusafn Reykjavíkur (minjavarsla@reykjavik.is)

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnsýslustigi og ekki kærانlegar til æðra stjórnvalds. Aðrar stjórnvaldsákvarðanir sæta kæru til umhverfis-, orku- og loftlagsráðherra. Kærufrestur er þrír mánuðir frá tilkynningu um ákvörðun og fer málsmeðferð stjórnsýslulögum nr. 37/1993.



Reykjavík